

Fundargerð

3. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll

Fjarfundur var haldinn, fimmtudaginn 29. ágúst 2024 kl. 11:00

Þátttakendur á fundinum voru: Jón Bjarnason, fulltrúi Hrunamannahrepps, Haraldur Þór Jónsson fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Regína Sigurðardóttir fulltrúi Forsætisráðuneytisins, Ingvar Atli Sigurðsson fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sigrún Valgarðsdóttir og Valdimar Kristjánsson fulltrúar Umhverfisstofnunar.

Fundarefni

- Kynning á drögum að áætlun, þ.e. því efni sem þegar er komið í áætlunina
- Fundir með samráðs- og hagsmunaaðilum: Hverja er nauðsynlegt að hitta og skipulag funda
- Önnur mál

Fundargerð

- Kynning á fyrirliggjandi drögum að áætlun**

Farið var yfir þau drög sem liggja fyrir á þessum tíma. Fulltrúar höfðu fengið sendan hlekk á áætlunina fyrir fund og höfðu því haft tækifæri til að kynna sér það efni sem komið er. Sigrún, Valdimar og Ingvar eru aðallega í textavinnunni en víða er leitað fanga að heimildum, m.a. í skráðum heimildum, hjá sérfræðingum og þeim sem vel þekkja til svæðisins.
- Fundir með samráðs- og hagsmunaaðilum**

Ætlunin er að boða til fundar með hagsmunaaðilum í haust. Fundarfólki leist best á að halda stærri fund með þeim sem eru í forsvari fyrir þá ólíku hópa sem stunda ferðamennsku innan svæðisins á ólíkum árstímum og var það ákveðið.

Niðurstaða fundar og næstu skref

- Vinna heldur áfram við áætlunina
- Sigrún og Valdimar funda með:
 - Fulltrúum Hálendismiðstöðvarinnar til þess að fara m.a. yfir aðgengi fyrir fatlaða og úrgangsmál
 - Skipulagsfulltrúa uppsveitanna til að fara yfir gildandi skipulagsáætlanir
- Fundur með hagsmunaaðilum boðaður
- Næsti fundur samstarfshópsins boðaður

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:35